

Reglur Sveitarfélagsins Hornafjarðar um þátttöku í farsímakostnaði starfsmanna.

1. gr.

Sveitarfélagið Hornafjörður samþykkir að taka þátt í farsímakostnaði hjá starfsmönnum sem vinnu sinnar vegna þurfa nauðsynlega á slíkum síma að halda, m.a. vegna:

1. Öryggisvörslu.
2. Öryggissjónarmiða.
3. Eðli starfseminnar.
4. Starfsmanna sem vinna mikið utan eigin starfsstöðvar.
5. Starfsmanna sem auðvelt þarf að vera að ná í, t.d. stjórnenda.

2. gr.

Sveitarfélagið Hornafjörður greiðir fast afnotagjald fyrir hvern farsíma sem innifelur alla almenna notkun hvers farsíma í þágu Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Viðkomandi starfsmaður greiðir það sem umfram kann að vera umfram það sem er innifalið af notkun í afnotagjaldinu.

3. gr.

Starfsmaður sem þarf farsíma skv. 1. gr. getur fengið greitt afnotagjald af eigin farsímareikningi í stað þess að fá farsímanúmer afhentan frá Sveitarfélaginu Hornafirði Forsenda slíkra greiðslna er að viðkomandi starfsmaður hafi símaþjónustu hjá því símafyrirtæki sem Sveitarfélagið Hornafjörður semur um fjarskiptaþjónustu. Í þeim samningi felst að öll símtöl milli farsíma og borðsíma á kennitölu Sveitarfélagsins Hornafjarðar eru gjaldfrjáls, auk öll símtöl sem eiga sér stað á Íslandi í farsíma og talsíma óháð fjarskiptafyrirtæki, ásamt allar SMS sendingar á Íslandi í farsíma óháð fjarskiptafyrirtæki og innifalið 1 GB gagnamagn á 3G / 4G kerfi viðkomandi farsímafyrirtæki á Íslandi. Umfram notkun telst s.s. símtöl til útlanda, notkun erlendis, hringingar í þjónustunúmer og yfirnúmer. Umfram gagnamagn og gagnanotkun erlendis.

4. gr.

Ákvörðun um upphæð fastrar greiðslu skv. 2. og 3. grein er í höndum yfirmanns hvers símanotanda sem þar um ræðir. Það er á ábyrgð yfirmanns að ákveða hverjir fá farsíma frá Sveitarfélagsins Hornafjarðar eða greiðslu fyrir afnotagjalds eigin farsíma í þágu Sveitarfélagsins Hornafjarðar og að greiðslur séu í samræmi við þörf starfsmanns fyrir að nota síma í þágu Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

5. gr.

Sveitarfélagið Hornafjörður gerir formlegan samning við hvern starfsmann sem fær greiddan kostnað frá sveitarfélaginu fyrir farsímanotkun. Afrit af samningnum skal sent til bæjarstjóra sem sér um að virkja samninginn í samvinnu við fjarskipta aðila.

6. gr.

Samningur um farsíma fellur sjálfkrafa úr gildi ef starfsmaður fer í veikindaleyfi, námsleyfi, fæðingarorlof eða annað orlof frá störfum sínum hjá Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Þó falla greiðslur fyrir farsíma ekki niður í sumarorlofi né fyrstu 4 vikur leyfis. Samningur fellur sjálfkrafa úr gildi þegar starfsmaður lætur af störfum. Yfirmaður getur sagt upp samningi með eins mánaðar uppsagnarfresti ef hann telur starfsmann ekki lengur hafa þörf fyrir farsíma vegna vinnu sinnar. Stjórnandi ber ábyrgð á að tilkynna bæjarstjóra hvenær greiðslur vegna farsíma falla niður.

7. gr.

Samningur um farsíma heldur gildi sínu ef Sveitarfélagsins Hornafjarðar skiptir um fjarskiptafyrirtæki. Þó fellur samningurinn úr gildi ef starfsmaður samþykkir ekki flutning á eigin símanúmeri til nýs fyrirtækis.

8. gr.

Reglur þessar taka gildi 1. janúar 2017

Samþykkt í bæjarráð 30. desember 2016

Samþykkt í bæjarstjórn 12. janúar 2017

Björn Ingi Jónsson
Bæjarstjóri
Sveitarfélagsins Hornafjarðar